

Pleven reynir nú að sameina sem flesta flokka um efnahagsmálastefnu

Hefir tekið að sér að reyna stjórnarmyndun

NTB—París, 29. apríl. — Á mánudagskvöldið tók Pleven, fyrrverandi forsætisráðherra endanlega að sér að mynda stjórn í Frakklandi. Honum hefir tekizt að sameina flesta flokka landsins um stefnu í Alsírmálinu. En eftir á hann miklu erfiðara verk, að því er flestir telja, en það er að sameina flokkana um einhverja stefnu í efnahags- og félagsmálum.

Alsírmálið ekki lagt fyrir NATO-fundinn

NTB—PARÍS, 29. apríl. — Á kvæðið hefir verið, að Pineau utanríkisráðherra fráfarandi stjórnar, skuli vera fulltrúi Frakka á fundi NATO í Kaupmannahöfn, sem hefst 5. maí. En vegna stjórnarkreppunnar, mun Pineau ekki biðja fundinn að taka Alsírvandamálin á dagskrá, eins og stjórn Gaillards hafði ákveðið.

Landamærum Túnis lokað


NTB—29. apríl. — Uppreisnarmenn í Alsír hafa ekki getað farið yfir landamærin til Túnis eða Marokk síðustu tíu dagana, vegna þess, að Frakkar hafa hert mjög á öllum varðhöldum, upplýsir hershöfðingi Frakka í Alsír. — Sömuleiðis er tilkynnt, að 900 upp reisnarmenn hafi verið felldir síðustu vikuna.

Fram að þessu hefir Pleven ein beitt sér að því að skapa einhverja þá stefnu í Alsírmálinu, sem allir flokkar gætu fylgt. Og talið er að honum hafi tekizt þetta, með því a öllir demókratískir flokkar hafa lýst sig fylgjandi hinum svokallaða Alsírsáttmála hans. Eini stóri flokkurinn, sem enn hefir ekki tekið afstöðu, og munu ekki gera það fyrr en í vikulokin.

Stuðningur íhaldsmanna og sósíaldemókrata nauðsyn. Hins vegar verður Pleven að tryggja sér stuðning bæði íhaldsflokksins og Sósíalistaflokksins, svo að hann sé öruggur um verulegan meirihluta á þingi. Spurningin er því, hvort hægt er að finna grundvöll um efnahagsmálin á þann hátt, að báðir þessir flokkar geti staðið saman um stefnuna.

Auknir skattar — launahækkun. Nánustu samstarfsmenn Plevens segja, að hann muni heimta aukna skatta, o gef hann gerir það, er nokkurn veginn vist, að íhaldsmenn leggjast á móti honum. Eig hann hins vegar að fá sósíalista til liðs við sig, er talið að hann verði að fallast á verulega launahækkun til starfsmanna ríkisins.

Tillagan um eftirlitskerfi á norðurslóðum rædd í öryggisráði S. Þ.



Rússar þrástaga á ásökunum um flug bandarískra sprengjuflugvéla. Gromyko hafnar tillögu Eisenhower's eindregið

NTB—New York og Moskvu, 29. apríl. — Öryggisráðið kom saman í dag til þess að ræða tillögu Bandaríkjamanna um að koma á fót eftirlitskerfi með vígbúnaði á Norðurheimsskautsslóðum, til þess að fyrirbyggja skyndiárásir úr lofti. Rússar lögðu einnig í dag fram í ráðinu ályktunartilögu um að ráðið leggi áherzlu á að fundur æðstu manna verði haldinn hið fyrsta. Þetta þýðir, að Rússar telja öryggisráðið ekki réttan vettvang fyrir tillögu Bandaríkjanna, heldur skuli fundur æðstu manna fjalla um þetta mál. Gromyko hefir eindregið hafnað tillögunni.

Tillaga Bandaríkjanna er á þá lund, að fimmvöldin, þ.e.s. Rússar, Bretar, Frakkar, Bandaríkjamenn og Kanadamennt, og auk þess Norðmenn, Danir og Önnur ríki, sem lönd eiga fyrir norðan heimsskautsbaug, kalli saman sérfræðinga sína til að skipuleggja eftirlitskerfið norðan heimsskautsbaugs. Verði komið upp ratsjárstöðum og kerfið allt gert sem öryggast.

Sobolev gagnrýnir Lodge. Aður en umræðan hófst fyrir alvöru, gagnrýndi Sobolev, fulltrúi Ráðstjórnarinnar, Henry Cabot Lodge, fulltrúa Bandaríkjanna harðlega fyrir það, að hann skyldi sitja í forseti á

fundinum um bandaríska tillögu. Sobolev vitnaði til reglugerðarákvæðis, þar sem segir, að forseti ráðsins skuli víkja úr forsetastóli fyrir öðrum, er ráðið fjalli um mál, er beinlínis varði það ríki, sem hann er fulltrúi fyrir. Sobolev sagði einnig, að Lodge hefði ekki komið fram á hlutlausan hátt um daginn, er rædd var kára Ráðstjórnarinnar um flug sprengjuflugvéla.

Margir fulltrúar mæltu nú í móti Sobolev, og viðurkenndi hann þá, að þar væri forsetans sjálfs að ákveða, hvenær hann viki úr sæti sínu.

„Ekki beðið eftir almenntri afvopnun.“

Lodge hélt því fram, að mál það, er til umræðu væri, snerti ekki Bandaríkin ein, heldur allan heiminn. Hann myndi því sitja í forsetastóli. Hann lagði síðan fram tillögu Bandaríkjanna. Vitnaði hann til bréfs Eisenhower's til Krústjoffs, þar sem hann skorar á Rússa að fallast á áætlunina um eftirlit á Norðurskautssvæðum. Kvað hann það skoðun Bandaríkja-stjórnar, að þessi áætlun gæti á skjótan og áhrifamikinn hátt orðið til að draga úr spennunni í heiminum. Sú staðreynd, að Rússar hefðu fyrir viku síðan undirstrikað áhuga sinn fyrir heimskautssvæðinu hefði vakið von Bandaríkjamanna um að Rússar og vesturveldin gætu komið sér saman. Bandaríkin lögðu því til að þegar yrði rætt um slíkt eftirlitskerfi á eftir almenntri samþykkt um afvopnun.

Samið um skaðabætur vegna Súez-deilu

RÓM, 29. apríl. — Fulltrúar Arabíska sambandslýðveldisins og Súezskurðar-félagsins hafa setið á ráðstefnu í Róm til að semja um skaðabætur af hendi Egypta, vegna eignarnáms þeirra og þjóðnýtingar á skurðinum. Upplýst er nú, að samkomulag hefir orðið um þetta. Fulltrúi Alþjóðabankans sagði eftir fundinn í dag að samningum væri lokið. Búið er við opinberri tilkynningu um fundinn bráðlega.

Skaðabæturnar hafa verið ákveðnar 28,5 millj. egypskra punda, er greiðast skulu til hlut hafa gamla Súez-skurðarfélagins í 7 afborgunum á 6 árum. — Samþykktin um þetta verður undirrituð í Egyptalandi 17. maí í vor.

Heimskautssvæðið mikilvægt.

Heimskautssvæðið kvað Lodge mjög mikilvægt, og ef hægt væri að ganga skref fyrir skref í átt til afvopnunar, myndi það auðvelda útbreiðslu eftirlitskerfis. Góð byrjun myndi eyða tortryggninni og skapa traust. Skoraði hann á lokum á öll ríki að styðja tillöguna.

Gromyko hafnar tillögunni.

Gromyko utanríkisráðherra Rússa vísaði í dag á bug tillögu Bandaríkjamanna um eftirlitskerfi á norðurslóðum. Kvað hann tillöguna hreint áróðursbragð. Á blaðamannafundi sínum í Moskva ræddi hann enn um flug bandarískra sprengjuflugvéla með kjarnorkuvopnum yfir norðursvæðin, og kvað Bandaríkin verða að bera fulla ábyrgð á þessum ögrunaradgerðum flughersins. Kvaðst hann vona, að Bandaríkja-stjórn bindi endi á þessar ferðir.

Sænsk breytingartillaga.

Gromyko skýrði ekki frá neinum nýjum tillögum Ráðstjórnarinnar á blaðamannafundinum. Eftir að hann hafði lesið upp skrifaða yfirlýsingu, var hann beðinn að skýra frá skoðunum Ráðstjórnarinnar um bandaríska tillöguna, sem fellur á þá leið, að teknilegir sérfræðingar austurs og vesturs skuli koma saman til að vinna að tillögum um eftirlitskerfi til að

(Framhald á blaðs. 2).

Nasser forseta tekið með kostum og kynjum af leiðtogunum í Moskvu

Forsetinn í átján daga opinberri heimsókn til Ráðstjórnarríkjanna

London, 29. apríl. — Nasser forseti Egyptalands er kominn í átján daga heimsókn til Rússlands. Á flugvöllinum tóku á móti honum Voroshilov forseti, Krústjoff og fleiri ráðamenn. Voroshilov lýsti í ræðu við þetta tækifæri Arabíska sambandslýðveldinu sem vinsamlegu, frelsi og friði unnandi ríki.

Í svarræðu sinni sagði Nasser, að hann væri viss um, að heimsókn sin yrði til að bæta enn tengslin milli þjóðanna, og myndu þau í framtíðinni gera stærri átök en hingað til, til þess að tryggja heimsfriðinn.

Nasser kom til Rússlands í rússn eskri farþegaþotu af gerðinni TU-104, og fylgdu henni orrustubotur á leiðinni. Til að fagna honum á flugvöllinum lék herlúðrasveit, og heiðursvörður stóð um flugvöllinn. Fagnandi mannfjöldi fylgdi honum á leiðinni til Kremli.

Mein Nasser dvelst í Moskvu mun hann eiga viðræður við höfðingjana í Kremli um stjórnsmál, efnahagsmál og hermál. Á leiðinni til Moskvu kom Nasser við í Búda

pest, þar sem ungverskir kommúnistaleiðtogar fögnuðu honum. Nasser mun ferðast víðs vegar um Rússland og skoða m.a. samyrkju bú, verksmiðjur og herstöðvar.

Myndlistarsýningin

Ásgerðar Esters Búadóttur og Benedíkts Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti hefir nú staðið yfir í 10 daga. Aðsókn hefir verið góð. Sýningunni lýkur þann 1. maí. — Hún er opin dagadaga frá 2—10 e.h.

Brezkur togari spillir netum Eyja-báta

Vestmannaeyjum í gar. — Í gergerði erlendur togari allmikinn usla í netum nokkurra báta. Togaði hann alveg inn á milli bátanna, þar sem þeir voru að draga, og er slík ósvifni látið. Eyðilagði togarinn þrjár netatrossur. Þetta var brezki togarinn Wyre Mariner.

Bretar gætu litlar gagnráðstafanir gert við stækkun ísl. fiskveiðilögsögu

segir í norski lausafrétt frá Genf

NTB—ÓSLÓ, 29. apríl. — Hafi er eftir heimildum, sem hafa góð sambönd við íslenzku sendinefndina á Genfarráðstefnunni, að Ísland muni innan skamms vikka út landhelgi sína í 12 mílur. — Hin óstaðfesta fregn hermir, að þetta muni gerast innan mánaðar. Yfirhöfuð er ekki um það að ræða fyrir íslenzku stjórnina að biðja þess, að önnur alþjóðleg ráðstefna komizt að samkomulagi um fiskveiðilögsöguna, segir þessi heimild. Samtímis er bent á aðvörn þá, sem Hans G. Andersen, formaður íslenzku nefndar

innar, bar fram, rétt áður en ráðstefnunni lauk á mánudagsnóttina. Andersen sagði þá, að stjórn sín teldi Ísland hafa beðið eftir, að frelsi fengist, svo lengi, sem hægt væri að ætlast til viðnúverandi aðstæður. „Enginn veit, hvenær ný tilraun til að ná samkomulagi kann að bera árangur“, sagði Andersen. Hann tók skýrt fram, að Ísland gæti ekki skuldbundið sig til að biðja, þangað til ákveðið væri, hvort haldin yrði ný ráðstefna. — Í þessari lausafregn frá Genf er einnig rætt um möguleika fyrir

því, að Bretar hefji gagnráðstafanir eftir hugsanlega útvíkkun fiskveiðilögsögunnar, og er bent á, að það sé lítið, sem Bretar geti gert. Löndun fisks, sem Íslendingar veiða og flytja til Bretlands, sé ekki nema um 5% af öllum aflanum. Þetta og meira til, yrði selt til Rússlands, hermír fréttin. Að því er sagt er, mun einkaréttur til fiskveiða innan tólf mílna marksins ekki vera algjör fyrst í stað, en mun án efa verða það síðar. Einnig er á það bent, að útfærslan, sem nú standi fyrir dýrum, verði fyrst og fremst gerð af efnahagslegum og stjórnmálalegum ástæðum.

Tilraun með gervitungl mistókst

LONDON, 29. apríl. — Bandaríski flotinn hefir skotið á loft nýju gervitungli frá Canaveral-höfða á Flórída. Allt bendir til, að máni þessi hafi ekki komizt á braut sína, vegna þess að þriðja stig burðarskeytisins, sem var af Vanguard-gerð, brást hlutverki sínu.